

## Framhaldsstofnfundur Prentsöguseturs

9. maí 2015, haldinn að Stórhöfða 31

Fjórtán fundarmenn mættir.

- 1) Haukur Már kynnti lög hins væntanlega Prentsöguseturs en þau eru eina málið á dagskrá fundarins. Halda þurfti þennan framhaldsstofnfund til þess að samþykkja lög þar sem ekki er hægt að fá kennitölu eða bankareikning án samþykktara laga. Hann fór yfir alla liðina og urðu nokkrar umræður um stöku lið. Síðan bar hann þau upp lið fyrir lið og að lokum í heild og var allt samþykkt.
- 2) Önnur mál. Þar var rætt um upphæð félagsgjalda bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki eða félög. Ákveðið að félagsmenn greiddu kr. 3000 í árgjald. Þá var rætt um innheimtuaðferðir: bréfpóstur, heimabanki og fleira – og þótti bankaleiðin best. Nefndar voru kr. 12.000 í styrk frá félögum og fyrirtækjum en styrkur gæti líka verið í formi vinnuframlags og var ekkert fast ákveðið um það. Spurning kom um kostnað við að skrá fyrirtækið og kom fram að þar tínist eitt og annað til, skráningargjöld og fleira. Útbúa þarf eitt bréf til félagsmanna varðandi gjöldin og annað til fyrirtækja sem tengjast hugmyndinni um Prentsögusetur. Sumir töldu best í því tilfalli að hafa persónulegt samband. Var stjórn falið að útbúa bréfin og annað sem til þarf vegna fjárhgagslegs stuðnings. Svanur las upp bréf frá Prenttæknistofnun frá 2004 sem þá var sent prentsmiðjunum og birgjum þar sem bent var á að hefja þyrfti sem fyrst skrásetningu muna sem tengjast prentiðnunum á öllu landinu. Hann benti einnig á að í Þjóðminjasafni væru mjög margir munir sem ekki eru skráðir. Og sagði hvatninguna um skráningu enn brýnni í dag. Hann lagði til að stjórnin leggjast í athugun á því hvernig best væri að snúa sér í þessu máli, gæti jafnvel þurft að stofna starfshóp um málefnið. Einnig minnti hann á mikilvægi þess að gera vefsíðu um verkefnið. Þá nefndi Haukur að gera þyrfti samning við eiganda húsnæðisins á Eyrarbakka sem fyrst svo klárt væri hvar við stæðum. Þá sleit Haukur Már fundi en nokkurt spjall varð meðal fundarmanns um ýmis atriði ný og gömul úr prentiðnaðinum.

Ritari: Þóra Elfa Björnsson